

### 36. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. s. frv.

#### 1. gr.

Af eftirtöldum vörum skal útflutningsgjald greiða svo sem hjer segir:

1. Af hverjum 50 kg. af saltfiski eða hertum fiski 20 aura.
2. Af fiski, sem flytst út hálf-hertur, saltaður eða nýr, af hverjum 100 fiskum 40 aura.
3. Af hverjum 50 kg. af sundmaga 60 aura.
4. Af hverri tunnu af hrognum 30 aura.
5. Af sildartunnu (108—120 pt.), í hverjum umbúðum sem hún flytst, 100 aura.
6. Af hverri tunnu lýsis (105 kg.), þar með talið sildarlýsi, 60 aura.
7. Af laxi, hvort heldur söltuðum, reyktum eða niðursoðnum, af hverjum 50 kg. 60 aura.
8. Af öllum fiski niðursoðnum, öðrum en laxi, af hverjum 50 kg. 20 aura.
9. Af hverjum 50 kg. af heilagfiski 10 aura.
10. Af hverjum 50 kg. af kola 6 aura.
11. Af hverjum 50 kg. af hvalskiðum 200 aura.

- 12. Af hverjum 100 kg. af fódurnmjöli 60 aura.
- 13. Af hverjum 100 kg. af fódurkökum 50 aura.
- 14. Af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 30 aura.

Útflutningsgjaldið af lið 5 gildir ekki lengur en til 1. jan. næstkomandi.

2. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga nr. 4, 16. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin fyrri málsgrein 2. gr. laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., lög nr. 10, 13. apríl 1894, um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski, lýsi o. fl., lög nr. 8, 6. mars 1896, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, lög nr. 11, 31. júlí 1907, um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald, og lög nr. 31, 12. okt. 1912, um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. nr. 16, 4. nóv. 1881.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við frumvarpið.

Útflutningsgjaldi á fiski samkvæmt lögum 4. nóv. 1881 hefir ekki verið breytt, en hins vegar fiskurinn stigið mjög mikið í verði. Það þykir því mega tvöfalda gjaldið, einkum þar sem þetta gjald verður samt svo lágt, að þess gætir lítið. Sömuleiðis þykir mega hækka gjaldið á síldartunnunni upp í 1 krónu á þ. ári, þar sem frumvarp stjórnarinnar um hækkun á síldartollinum upp í 3 kr. á ári, ef samþykkt verður, nær ekki til þessa árs framleiðslu. Hækkanir á hinum öðrum liðum gefa ekki sjerstakt tilefni til athugasemda. Útflutningsgjaldið hefir verið þannig á árunum 1914—1918:

1914 . . . . .	kr. 199095
1915 . . . . .	— 263758
1916 . . . . .	— 216429
1917 . . . . .	— 80371
1918 . . . . .	— 53130

eða að meðaltali h. u. b. 160000 kr. á ári, og þykir mega gera ráð fyrir, að tekjuaukinn nemi þeirri upphæð á ári.